

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Hafnarfjarðarkaupstað.

Breyting á deiliskipulagi Valla, 3. áfanga, Ásvellir 2a.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 7. nóvember 2007 breytingu á deiliskipulagi Valla, 3. áfanga, Ásvöllum 2a í Hafnarfirði. Breytingin felst í nýrri lóð með byggingarreit fyrir spennistöð. Farið var með breytinguna skv. 1. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Álfhella 13.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 17. október 2007 breytingu á deiliskipulagi Hellnahrauns, 2. áfanga, Álfhelli 13 í Hafnarfirði. Breytingin felst í að í stað vinkils verður hús ferningslaga 28x50 m og nýtingarhlutfall breytist úr 0,5 í 0,51. Farið var með breytinguna skv. 2. mgr. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

Breyting á deiliskipulagi fyrir Selhraun norður, Selhella 9 og Miðhella 3.

Í samræmi við skipulags- og byggingarlög samþykkti skipulags- og byggingarfulltrúi Hafnarfjarðarkaupstaðar á fundi sínum þann 14. nóvember 2007 breytingu á deiliskipulagi fyrir Selhraun norður, Selhelli 9 og Miðhelli 3 í Hafnarfirði. Breytingin felur í sér að lóðirnar verðar sameinaðar í Selhelli 9. Stærð lóðarinnar verður 9.169,7 m² og byggingarreitur verður 4.040 m². Hámarksgólfplötur byggingar á lóðinni verður 3.510 m² og hámarkshæð byggingar verður 8 m yfir gólfkóta. Farið var með deiliskipulagsbreytinguna skv. 26. gr. skipulags- og byggingarlaga nr. 73/1997 með síðari breytingum og hún yfirfarin af Skipulagsstofnun.

Breytingin öðlast þegar gildi.

F.h. skipulags- og byggingarsviðs Hafnarfjarðarkaupstaðar, 5. desember 2007,

Anna Sofía Kristjánsdóttir arkitekt.

B-deild – Útgáfud.: 19. desember 2007